


FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

Fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn fimmtudaginn 1. september 2022, kl. 16 í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu nýkjörin stjórn Sandra Sigurðardóttir, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir og Árni Eiríksson. Einnig situr fundinn safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.



BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA

1. **Starfsemi Byggðasafns Árnesinga.** Gengið var um húsakynni Byggðasafns Árnesinga á Eyrarbakka og safnstjóri kynnti starfsemina. Farið var um Búðarstíg 22 sem hýsir innri starfsemina. Húsið, Eggjaskúrinn, útihúsin, Kirkjubær og Sjóminjasafnið verða skoðuð á næsta fundi.

2. **Stjórn Byggðasafns Árnesinga.** Ný stjórn var kjörin á aukafundi Héraðsnefndar Árnesinga þann 30. júní sl. Stjórnin skipti með sér verkum. Sandra Sigurðardóttir er stjórnarformaður samkvæmt ákvörðun Héraðsnefndar Árnesinga. Vararformaður Þórhildur Dröfn Ingvadóttir og ritari Árni Eiríksson. Til vara eru Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Smári Bergmann Kolbeinsson og Sveinn Ægir Birgisson. Samþykkt að fela safnstjóra ritun fundargerða og frágangs á þeim. Fundargerðir verða sendar stjórn, framkvæmdastjórn heraðsnefndar, fjárhaldmanni heraðsnefndar, sveitarfélögum í Árnessýslu, þjóðminjavverði og Safnaráði.

3. **Samningur um bókhaldspjónustu, launaútkeyrslu og skylda þjónustu.** Lögð voru fram drög að samningi milli Grímsnes- og Grafningshrepps og Byggðasafns Árnesinga um bókhaldspjónustu, launaútreikninga, reikningagerð og skylda þjónustu. Grímsnes- og Grafningshreppur hefur séð um þessa þjónustu undanfarin ár en án samnings. Samningurinn byggir á reynslu undanfarinna ára. Stjórn safnsins samþykkir samninginn og felur safnstjóra að skrifa undir hann fyrir hönd safnsins.

4. **Ráðningarsamningur við Lýð Pálsson safnstjóra.** Ráðningarsamingur við Lýð Pálsson safnstjóra, sem gilti í 5 ár, rann út 31. ágúst 2022. Framhaldið er í höndum Héraðsnefndar Árnesinga. Lýður hefur sýnt áhuga á að halda áfram. Stjórnarformaður tilkynnti stjórn byggðasafnsins að stjórn heraðsnefndar hefði samþykkt að framlengja samningi við Lýð Pálsson til næstu fimm ára. Stjórn fagnar þeirri ákvörðun stjórnar. Framundan er að ganga frá ráðningarsamningi og samhliða því að uppfæra starfslýsinguna í takt við starfsskyldur í dag.

5. **Erindisbréf stjórnar.** Erindisbréf stjórnar safnsins frá 2018 var lagt fram til kynningar. Þetta erindisbréf gildir þar til annað verður ákveðið.

6. **Starfs- og rekstraráætlanir 2023.** Vinna er hafin við gerð áætlana næsta árs. Safnstjóri mun senda drög í tölvupósti til stjórnarmanna tímanlega fyrir næsta fund. Greinargerð verður með rekstraráætluninni. Áætlanirnar verða teknar til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar.

7. **Starfsemin.** Lögð var fram síðasta fundargerð stjórnar safnsins frá því í apríl 2022 þar sem fram koma þau verkefni sem þá var unnið að. Aðsókn að safninu er mun betri en síðustu tvö ár þegar Covid19-faraldurinn setti mark á aðsóknina. Sumarstarfsmenn í hlutastörfum halda söfnunum opnum en auk þess sitja faglegir starfsmenn einstaka vaktir. Listahátíðin Hafsjór var haldin í júní og var það stórt verkefni sem reyndi mjög á faglega starfsmenn safnsins. Listamenn frá 12 löndum lögðu hönd á plóg og er afraksturinn að sjá í safninu til septemberloka. Ýmsir áhugaverðir viðburðir hafa verið í kringum Hafsjó. Safnið tekur þátt í Menningarmánuði Árborgar í október og fyrirhuguð er jóladagskrá með hefðbundum hætti í desember. Enn er unnið að því að koma safnmunum fyrir í Búðarstíg 22 og

einnig bíða aðföng 2021 og 2022 skráningar. Iðnaðarmenn settu hljóðdempandi plötur í loft salar Búðarstígs 22 í júní. Staða safnvarðar var auglýst í vor og var Linda Ásdísardóttir safnfræðingur og starfsmaður safnsins frá 2008 til 2019 valin úr hópi umsækjanda. Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður kom úr námsleyfi sínu 2. ágúst með margar nýjar hugmyndir í farteskinu. Verkefni faglegra starfsmanna er utanumhald með sumarstarfinu, skráning, áætlanagerð og margvísleg safnleg umsýsla. Lýður Pálsson safnstjóri vinnur að áætlunum næsta árs. Ný heimasíða er í smíðum. Ræstitæknir safnsins sagði upp störfum í júní og er verið að ráða nýjan um þessar mundir.

8. **Næsti fundur stjórnar.** Næsti fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga verður haldinn 13. september 2022 kl. 18,15.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17,45.

Sandra Sigurðard.
Áni Guðrúnss
Þórhildur Ingvaradóttir
Byggðasafn